

REGLUGERÐ

um námskeið og próf til að öðlast leyfi til verðbréfamiðlunar.

I. KAFLI

Prófnefnd og próf.

1. gr.

Prófnefnd verðbréfamiðlara, sem viðskiptaráðherra skipar, skal hafa yfirumsjón með námskeiði og prófi samkvæmt ákvæðum d-liðar 1. mgr. 3. gr. laga nr. 20/1989 um verðbréfavíðskipti og verðbréfasjóði. Próf þetta nefnist verðbréfamiðlunarpróf.

Viðskiptaráðherra skipar prófnefndina til fjögurra ára í senn. Í henni eiga sæti fimm menn, einn tilnefndur af lagadeild Háskóla Íslands, einn tilnefndur af viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, einn tilnefndur af Sambandi íslenskra verðbréfafyrirtækja, einn tilnefndur af stjórn Verðbréfabings Íslands og einn án tilnefningar. Viðskiptaráðherra skipar formann nefndarinnar. Varamenn skal skipa með sama hætti.

2. gr.

Prófnefnd heldur gerðabók. Í hana skal færa ákvarðanir nefndarinnar og niðurstöður prófa.

3. gr.

Prófnefnd tekur ákvörðun um efni sem prófað er úr á verðbréfamiðlunarprófi. Við ákvörðun sína skal prófnefnd leggja til grundvallar að efnið krefjist þekkingar á:

- a. fræðikerfi íslenskrar lögfræði og dómstólaskipan landsins,
- b. réttarreglum um störf verðbréfamiðlara og kaup og sölu verðbréfa,
- c. fjármálalegum og hagnýtum atriðum sem reynt getur á við verðbréfamiðlun,
- d. gerð skjala sem tengjast störfum verðbréfamiðlara.

4. gr.

Próf skulu að jafnaði haldin í framhaldi af einstökum námskeiðshlutum, sbr. 7. gr. Prófnefnd getur þó ákveðið aðra skipan.

Prófnefnd ákveður fjölda prófa, hvar og hvenær próf skulu haldin. Próf skulu að jafnaði vera skrifleg. Við skrifleg próf skal nemandi hafa a.m.k. 2 klst. til þess að vinna að úrlausn sinni.

5. gr.

Prófnefnd stendur fyrir prófum. Prófnefnd er þó heimilt að fela kennara, sem annast kennslu á námskeiði sbr. 7. gr., að semja prófverkefni, fara yfir og gefa einkunn fyrir prófúrlausnir í viðkomandi grein. Einkunnir á prófum skulu gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 til 10. Til þess að standast verðbréfamiðlunarpróf þarf nemandi að hljóta a.m.k. 7,0 í meðaleinkunn úr þeim prófum er hann hefur þreytt. Nemandi telst ekki hafa staðist einstök próf hljóti hann lægri einkunn en 5,0. Nemandi á rétt á að fá útskýringar prófnefndar eða kennara á einkunn sinni ef hann æskir þess innan fimmtán daga frá birtingu hennar. Telji nemandi skýringar kennara ófullnægjandi getur hann skotið mati kennara á úrlausn sinni til prófnefndar til endurmats. Mat prófnefndar á úrlausn er í öllum tilvikum endanlegt.

Prófnefnd skal staðfesta að nemandi hafi staðist verðbréfamiðlunarprófið.

6. gr.

Prófnefnd er skylt að gangast fyrir sjúkraprófi hafi nemandi ekki sótt próf vegna veikinda.

Ekki er skylt að halda sérstakt upptökupróf fyrir nemendur sem ekki ná tilskyldri lágmarkseinkunn í einstökum prófum. Þeim er hins vegar heimilt að þreyta próf úr viðkomandi námsgreinum næst þegar reglulegt próf er haldið, þó ekki oftari en tvisvar sinnum.

II. KAFLI

Námskeið.

7. gr.

Prófnefnd stendur fyrir námskeiði til undirbúnings verðbréfamiðlunarprófi.

Námskeið skal að jafnaði halda annað hvert ár. Eigi er þó skylt að halda námskeið nema þátttakendur á því verði tíu hið fæsta.

Prófnefnd er heimilt að ráða sérstakan umsjónarmann með námskeiðinu eða einstökum námskeiðshlutum, sbr. 8. gr., eða aðalkennara. Verkefni umsjónarmanns eða aðalkennara eru m.a. að:

- a. semja og leggja fyrir prófnefnd til samþykktar ítarlega kennsluskrá fyrir námskeiðið og einstaka hluta þess þar sem fram kemur kennsluefni og kennsluáætlun,
- b. koma á framfæri við prófnefnd ábendingum um breytingar á kennslugreinum, námskeiðshlutum eða öðru því er námskeiðið varðar.

Prófnefnd ræður jafnframt einstaka kennara á námskeiðinu.

Viðskiptaráðherra ákveður að fenginni tillögu prófnefndar ráðningarkjör þeirra sem prófnefnd ræður.

Prófnefnd er heimilt að semja við aðra aðila um að halda námskeið skv. 1. mgr. Í þeim tilvikum skal gætt ákvæða þessa kafla og skal kennsluefnið hljóta staðfestingu prófnefndar. Samningur um námskeiðshald á vegum annars aðila en prófnefndar skal staðfestur af viðskiptaráðherra.

8. gr.

Kennslugreinar á námskeiði til undirbúnings verðbréfamiðlunarprófi skulu vera sem hér segir:

A. hluti:

1. Íslensk réttarskipun og fræðikerfi lögfræðinnar.
2. Viðskiptabréfareglur.
3. Veðréttindi og þinglýsingar.
4. Ábyrgðir.
5. Félagaréttur.
6. Viðfangsefni úr fjármunarétti.
7. Ágrip úr réttarfari.

B. hluti:

1. Vaxtaútreikningur og vísitölur.
2. Fjármagnsmarkaðurinn.
3. Greining ársreikninga og mat trygginga.
4. Skattalög og reikningsskil.
5. Helstu leiðir til ávöxtunar fjármagns.

C. hluti:

1. Lagareglur um fjármagnsmarkaðinn.
2. Réttindi og skyldur verðbréfamiðlara, verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða.
3. Tegundir innlendra og erlendra verðbréfa.
4. Verðbréfasjóðir og fjárvarsla.
5. Ráðgjöf.

Í hverjum námskeiðshluta skulu tekin fyrir samkvæmt nánari ákvörðun prófnefndar raunhæf verkefni, dæmi og starfsþjálfun sem tengjast kennslugreinum í viðkomandi nám-

skeiðshluta eftir því sem við getur átt. Miðað skal við að vægi verkefna og dæma skv. þessari málsgrein geti verið allt að þriðjungur af kennslu og prófum.

Prófnefnd er heimilt að fengnu samþykki viðskiptaráðherra að ákveða að fjölga kennslugreinum, fella niður kennslu í einstökum kennslugreinum og flytja kennslugreinar milli námskeiðshluta.

9. gr.

Nemendur, sem lokið hafa embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands, eru undanþegnir námskeiði og prófi úr kennslugreinum í A. hluta 1. mgr. 8. gr. Nemendur, sem lokið hafa kandidatsprófi í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands, eru undanþegnir námskeiði og prófi úr kennslugreinum í B. hluta 1. mgr. 8. gr.

Prófnefnd getur veitt nemanda, sem um það sækir, undanþágu frá því að sækja námskeið og þreyta próf í einstökum kennslugreinum. Skilyrði þess að slíka undanþágu megi veita er að nemandi sýni fram á það með fullnægjandi hætti, s.s. með vottorði frá viðkomandi menntastofnun, að hann hafi sótt sambærilegt nám og staðist sambærileg próf í viðkomandi kennslugrein að mati prófnefndar.

10. gr.

Prófnefnd skal við upphaf hvers námskeiðs setja reglur um lágmarksfjölda kennslustunda sem einstakir nemendur verða að hafa sótt í hverjum hluta til að þeir teljist fullnægja skilyrði d-liðs 3. gr. laga nr. 20/1989, um verðbréfavíðskipti og verðbréfasjóði, um setu á námskeiði. Óheimilt er að ákveða að tímasókn megi vera lægri en 60%, sbr. þó 9. gr. þessarar reglugerðar.

III. KAFLI

Námskeiðsgjöld o.fl.

11. gr.

Innritunargjald skal greiða þegar þátttaka í námskeiðinu er tilkynnt. Kennslugjald skal greiða við upphaf kennslu í hverjum námskeiðshluta. Þegar nemandi skráir sig í einstök próf skal hann greiða prófgjald.

Viðskiptaráðherra ákveður að fenginni tillögu prófnefndar upphæðir innritunarkennslu- og prófgjalda. Við ákvörðun gjalda skal miða við að nemendur greiði allan kostnað af námskeiði og prófum.

Innritunargjald skv. 1. mgr. er endurkræft ef af námskeiði verður ekki. Önnur gjöld eru óendurkræf.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 20/1989, um verðbréfavíðskipti og verðbréfasjóði, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 543/1989, um námskeið og próf til að öðlast leyfi til verðbréfamiðlunar.

Viðskiptaráðuneytið, 24. apríl 1992.

Jón Sigurðsson.

Björn Friðfinnsson.